

Framhaldsskólinn á Laugum

Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025



Bjarney Guðrún Jónsdóttir



Inngangur	4
Grunnupplýsingar um Framhaldsskólann á Laugum.....	5
Markmið Framhaldsskólans á Laugum	5
Sjálfsmatsáætlun Framhaldsskólans á Laugum skólaárið 2024-2025.....	6
Mat og matsaðferðir veturinn 2024-2025	6
Matsaðferðir og gagnaöflun veturinn 2024-2025	7
Kennslukannanir	7
Niðurstöður kennslukannana.....	8
Vorönn 2025	9
Haustönn 2024.....	10
Vorönn 2025	10
Vinnustofukönnun	10
Niðurstöður vinnustofukönnunar:.....	11
Kennarakönnun.....	14
Niðurstöður kennarakönnunar	14
Viðhorfskannanir.....	17
Skólapúlsinn	17
Líðan.....	17
Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	18
Stuðningur kennara við nemendur	19
Námsáhugi	20
Stofnun ársins	21
Starfsmannaviðtöl.....	24
Greining á tölulegum gögnum (endurskoðun þessara markmiða)	25
Foreldrakönnun.....	26
Úrbætur	28
Útbótaáætlun úr skýrslu síðasta árs:	28
Útbótaáætlun fyrir 2024 – 2025	29
Lokaorð	29

Inngangur

Framhaldsskólinn á Laugum hefur verið starfræktur sem slíkur síðan árið 1988. Saga skólalahlds á Laugum á sér mun lengri sögu en samfelld skólastarf hefur verið á Laugum allt frá árinu 1925 þegar Alþýðuskóli Þingeyinga tók til starfa. Næsta vetur hefur því skólinn verið starfræktur í 100 ár og í tilefni þess verður mikil afmælishátíð. Í dag býður skólinn upp á þrjár meginstúdentsbrautir en þær eru náttúruvísindabraut, félagsvísindabraut og íþróttabraut, auk kjörsviðsbrautar þar sem nemendur geta sett saman stúdentspróf sitt sjálfir. Einnig er boðið upp á almenna braut fyrir þá sem ekki hafa náð lokaviðmiðum grunnskóla. Skólinn er eini heimavistarskóli landsins í dreifbýli sem býður upp á áfangakerfi.

Stefna Framhaldsskólans á Laugum er að bjóða nemendum upp á vandað og fjölbreytt nám við hæfi hvers og eins með einkunnarorð skólans að leiðarljósi en þau eru metnaður, trúmennska, tillitssemi og glaðlyndi. Lögð er áhersla á að skólinn sé framsækin og til fyrirmyndar um kennsluhætti og námsmat, stjórnunarhætti, rekstur, þjónustu og velferð nemenda og starfsfólks. Haustið 2022 voru gerðar miklar breytingar á kennsluháttum í skólanum en þá var tekið upp kennslukerfi án eiginlegra stundatafla en í stað þeirra boða kennarar nemendur í úttektir/kennslustundir í gegnum Teams. Með nýju kerfi er stundatafla nemenda flæðandi á milli vikna og er það reynsla okkar að þetta kerfi hafi ýmsa kosti, svo sem betri tímanýtingu bæði meðal nemenda og kennara og að nemendur verði sjálfstæðari í vinnubrögðum. Kerfið er hins vegar ekki gallalaust og er það í sífelldri þróun og er innra mat einn af þeim þáttum sem tryggir að skólastarfið sé í slíkri þróun. Framhaldsskólinn á Laugum metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. og 41. greinar laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 með virkri þátttöku starfmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Innra mat á að ná yfir sem víðtækasta þætti skólastarfs, s.s. yfirstjórn, fagmennsku, aðbúnað, námsumgjörð, þjónustu við nemendur, foreldrasamstarf, árangur nemenda og traust samstarfsaðila. Með því er hægt að stuðla að umbótum og auknum gæðum alls sem viðkemur skólastarfinu og vera hluti af þróun skólastarfs.

Sjálfsmatsteymi er skipað af skólameistara og í því sitja tveir kennarar. Vorið 2024 hætti Jóna Björk Jónsdóttir í nefndinni en í hennar stað kom Sigríður Valdimarsdóttir. Bjarney Guðrún Jónsdóttir sat áfram í nefndinni og er nú sitt sjöunda starfsár. Sjálfsmatsteymi skilar af sér skýrslu í lok hvers skólaárs sem birtist á heimasíðu skólans þar sem fram koma niðurstöður sjálfsmatsins sem tengist stefnu og markmiðasetningu skólans. Þar er lagt mat á hvernig til hefur tekist í ýmsum þáttum skólastarfsins og eftirfylgni. Núverandi langtímaáætlun sjálfsmatsnefndar gildir frá hausti 2023 fram til vorsins 2027 og má sjá hana í viðauka 1.

Grunnupplýsingar um Framhaldsskólann á Laugum

	Haust 2023	Vor 2024	Haust 2024	Vor2025
Dagskólanemar	99	85	88	95
Nemendur utan skóla	18	15	8	12
Nemar í Námsveri á Vopnafirði	3	3	2	1
Kennarar	15	14	14	14
Brottfall úr áfanga	3,9%	5,1%	2%	1%
Brautskráðir	0	34	0	22
Einingarfjöldi	3718	3200	2981	2874
Einingum lokið (náð)	3218 (86,6%)	2725 (85,2%)	2695 (90%)	2478 (86,2%)

Í upphafi skólaársins 2024 hófu 98 nemendur nám við skólann, þar af voru 88 í dagskóla, átta í námi utan skóla og einn nemi í námsveri á Vopnafirði. Þetta eru færri nemendur en hafa verið undanfarin ár í skólanum og nokkur fækkun frá því í fyrra eins og sjá má töflunni hérna að ofan. Á vorönn 2025 jókst nemendafjöldi aftur en þá voru 95 nemendur í dagsskóla, 12 nemendur utan skóla og áfram einn í námsveri eða samtals 108 nemendur. Brottfall minnkaði mikið á milli ára og var einungis 1% á vorönn 2025 sem verður að teljast mjög gott.

Markmið Framhaldsskólans á Laugum

Meginmarkmið Framhaldsskólans á Laugum tengjast námskrá framhaldsskólans ásamt því að leggja áherslu á sérkenni skólans. Einkunnarorð skólans metnaður, trúmennska, tillitssemi og glaðlyndi fléttast svo inn í allt starf skólans þannig að allir fái notið sín í leik og starfi.

Áhersla er á að í skólanum sé:

- ✓ Góður staðblær og skólabragur
- ✓ Verkefnavinna og símat með áherslu á námshæfni hvers og eins
- ✓ Öruggt og gott vinnumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk
- ✓ Notkun upplýsingatækni og miðlun upplýsinga lykilþáttur í starfseminni

Metnaður

Nemendur og starfsfólk hafi metnað fyrir því sem við gerum, fyrir okkur sjálfum og skólanum okkar og stuðlum að bættum árangri með því að:

- ✓ Setja markmið og fylgja þeim
- ✓ Vita hvað við viljum og hvert við stefnum
- ✓ Vera óhrædd við að gera mistök á leiðinni

Trúmennska

Nemendur og starfsfólk er trú sjálfum sér og skólanum og stuðla þannig að betri líðan með því að:

- ✓ Styðja hvert annað
- ✓ Gæta sameiginlegra hagsmuna

Tillitssemi

Nemendur og starfsfólk sýni hvert öðru umburðarlyndi og tillitssemi með því að:

- ✓ Bera ábyrgð á líðan sinni og hegðun

Glaðlyndi

Nemendur og starfsfólk gefi af sér og bæti skólabraginn með því að:

- ✓ Vera til staðar og hafa ánægju af verkefnum sínum

Sjálfsmatsáætlun Framhaldsskólans á Laugum skólaárið 2024-2025

Til að umbótastarf skóla þjóni tilgangi sínum er nauðsynlegt að sjálfsmatsteymi skoði bæði styrkleika og veikleika skólastarfsins á víðum grundvelli allt frá stjórnunarháttum til samskipta innan skólans. Hér að neðan má sjá þá þætti og matsaðferðir sem voru notaðar á skólaárinu 2024-2025 og er í samræmi við sjálfsmatsáætlun skólans sem unnin var haustið 2023 og gildir til vorsins 2027 (viðauki 1).

Mat og matsaðferðir veturinn 2024-2025

- ✓ Kennslukönnun á meðal nemanda sem fjallar um kennslu, undirbúning og framsetningu kennara á námsefni, námsmatsaðferðir, viðmót og fleira. Könnunin er megindleg netkönnun tekin í Innu.
- ✓ Nemendakönnun er varðar vinnustofur og viðhorf nemenda til þeirra. Netkönnun í forms.
- ✓ Kennarakönnun er varðar vinnustofur, kennsluaðferðir og námsmat. Netkönnun í forms.
- ✓ Mat kennara á eigin áföngum í lok hverjar annar. Samanburðarspurningar úr áfangamati settar inn af skólameistara eftir að niðurstöður eru klárar.
- ✓ Greining á tölulegum gögnum úr Innu varðandi innritun, úrskrift, brottfall, meðaleinkunn, skólasókn og fleira.
- ✓ Stjórnun og skipulag, upplýsingar fengnar í gegnum Stofnun ársins.
- ✓ Starfsmannaviðtöl tekin af skólameistara (voru ekki tekin formlega í vetur).
- ✓ Viðhorfस्कannanir meðal nemenda og starfsfólks um líðan, skólabrag, einelti og fleira. Skólapúlsinn.
- ✓ Viðhorfस्कönnun foreldra til skólans. Könnun send í gegn um Innu.

- ✓ Könnun er varðar félagslíf nemenda (var ekki lögð fyrir í vetur).

Matsaðferðir og gagnaöflun veturinn 2024-2025

Tímaáætlun sjálfsmats				
	H-2024	V-2025	Hver	Hvernig
Kennsla og námsframboð				
Kennslukannanir	Raung/írþ.braut	Fél.br/Kjörsvið	Nemendur	Netkönnun
vinnstofukönnun kennarar	nóvember		kennarar	Formskönnun
Vinnustofukönnun nemendur	október		nemendur	Formskönnun
Mat á eigin áföngum	des	maí	Kennarar	Formskönnun
Lykilárangur				
Greining á tölulegum gögnum	jan	júní	Áfangastjóri	Inna
STofun ársin		júní	starfsmenn	Netkönnun
Skólabragur-samskiptasáttmáli				
Skólapúlsinn		mars	Nemendur	Netkönnun
Félagslíf nemenda		mars	Nemendur	Netkönnun
Foreldrakönnun		jan/feb	Foreldrar	Netkönnun
Starfsmannaviðtöl	nóv/des		Starfsmenn	viðtöl
Ný matsáætlun			Sjálfsmatsnefnd	
eftirfylgni úrbóta				
Sjálfsmatsskýrsla			Sjálfsmatsnefnd	

Mynd 1-Tímaáætlun sjálfsmats

Kennslukannanir

Kennslukannanir voru gerðar á báðum önnum vetrarins en í ár lögðum við fyrir í fyrsta skiptið könnun í gegnum Innu og settum á alla áfanga nema þá sem ná ekki fjöldaviðmiðum sem er fimm skráðir nemendur. Þetta gekk vel og ætti að auðvelda úrvinnslu og samanburð töluvert mikið þegar gögn liggja fyrir. Svarhlutfall á haustönn var 78% (331/422) en svarhlutfall á vorönn var aðeins 33% (161/489) enda var könnunin lögð fyrir rétt fyrir annarlok.

Í könnuninni eru alls 18 spurningar sem fjalla um kennslu, kennslufyrirkomulag, skipulag, vinnufrið, námsmat og aðgang að kennurum. Ein opin spurning er í könnununum þar sem nemendur geta komið einhverju sérstöku á framfæri.

Matskvarðinn sem sjálfsmatsnefnd setti upp í kennslukönnunum er eftirfarandi:

- ❖ Mjög sammála =1
- ❖ Frekar sammála = 2
- ❖ Frekar ósammála =3
- ❖ Mjög ósammála =4

Matsviðmiðið sem skólinn setur sér er að 85% svarenda svari með einkunnina 1 eða 2 en úrbætur virkjaðar ef færri en 85% svari með þessari einkunn.

Niðurstöður kennslukannana

Það eru miklar breytingar á niðurstöðum á milli ára til hins verra. Nú eru í fyrsta skipti heildartölur yfir alla áfanga og nær einungis tvær spurningar sem náðu viðmiðunarmörkum sem stuðst hefur verið við síðustu ár á meðan það voru 12 á síðasta skólaári.

Í töflunni hér að neðan má sjá prósentur yfir jákvæð og neikvæð viðmið og tölur síðan í fyrravetur í sviga fyrir aftan. Ef tölur hafa lækkað á milli ára eru þær rauðar en grænar hafi þær hækkað.

Heilt yfir eru tölur að lækka á milli ára og margir þættir er náðu jákvæðum viðmiðum í fyrravetur ná þeim ekki í ár. Það geta verið miklar sveiflur á milli ára þar sem nemendahópur FL er mjög breytilegur á milli ára. Í fyrra vor útskrifuðust yfir 30 nemendur og nýnemar í haust voru færri en síðustu ár. Sú breyting að áfangakannanir eru gerðar í öllum áföngum á önninni núna og eru á Innu í stað teams áður getur einnig haft áhrif, en til lengri tíma litið verður betra að gera samanburð milli ára, anna og áfanga með því að nota kannanakerfið sem Inna býður upp á.

Haustönn 2024

<i>Spurningar sem náðu lágmarksviðmiðum >85%</i>	Jákvæð viðmið	Neikvæð viðmið
Kennarinn er sanngjarn í einkunnum	88% (90%)	12%
Kennarinn er jákvæður og hvetur nemendur til að gera sitt besta í áfanganum	89% (91%)	11%
<i>Spurningar sem ekki náðu lágmarksviðmiðum <85%</i>		
Mér finnst þessi áfangi áhugaverður	66%	34%
Ég hef góðan aðgang að kennara áfangans í vinnustofu	78% (87%)	22%
Kennsluáætlun og námsmat í áfanganum voru skýr í upphafi annar	83% (85%)	18%
Ég nota <i>classwork</i> /vinnubók til að fá upplýsingar um verkefni og vinnuáætlun í áfanganum	77% (87%)	23%
Ég get nálgast allar nauðsynlegar kennsluupplýsingar um áfangann á Teams	84% (90%)	16%
Kennslugöng eru auðlesin og gagnast mér í áfanganum (t.d. kennslubók, tímaritsgreinar og fleira)	80%	20%
Ég skila verkefnum á réttum tíma	83%	17%
Kennarinn er hæfilega fljótur að fara yfir verkefni miðað við stærð þeirra	82% (87%)	18%

Námsmat í áfanganum er fjölbreytt	71% (85%)	29%
Ég hef metnað til að gera eins vel og ég get í áfanganum	80% (89%)	20%
Mér finnst þessi áfangi áhugaverður	66% (70%)	34%
Kennari notar fjölbreyttar kennsluaðferðir í áfanganum	71% (81%)	29%

Niðurstöður könnunar vorið 2024 er hér fyrir neðan. Fyrst eru taldar upp þær spurningar sem náðu viðmiðum og síðan þær sem ekki náðu viðmiðum. Þeim spurningum sem ekki ná viðmiðum fjölgaði mikið á milli ára en er í samræmi við það sem kom út á haustönn, hafa ber í huga að svarhlutfall var mun lægra á vorönninni og þarf að skoða tímasetningu á henni betur fyrir næsta skólaár.

Vorönn 2025

Spurningar sem náðu lágmarksviðmiðum <85%	Jákvæð viðmið	Neikvæð viðmið
Kennarinn er sanngjarn í einkunnargjöf	92% (100%)	8%
Kennslugögn eru auðlesin og gagnast mér í áfanganum (t.d. kennslubók, tímaritsgreinar og fleira)	86% (87%)	14%
Kennarinn er jákvæður og hvetur nemendur til að gera sitt besta í áfanganum	91%	9%
Kennarinn er hæfilega fljótur að fara yfir verkefni miðað við stærð þeirra	86% (95%)	14%
Spurningar sem náðu ekki lágmarksviðmiðum >85%		
Ég get nálgast allar nauðsynlegar kennsluupplýsingar í áfanganum á TEAMS	84% (91%)	16%
Ég nota classwork/vinnubók til að fá upplýsingar um verkefni og vinnuáætlun í áfanganum	78% (83%)	22%
Kennsluáætlun og námsmat voru skýr í upphafi annar	82% (91%)	18%
Kennari notar fjölbreyttar kennsluaðferðir í áfanganum	78% (72%)	22%
Námsmat í áfanganum er fjölbreytt	76%	24%
Ég skila verkefnum á réttum tíma	83% (86%)	17%
Ég hef metnað til að gera eins vel og ég get í áfanganum	82% (94%)	18%
Mér finnst þessi áfangi áhugaverður	77% (86%)	23%
Mér gengur vel í áfanganum	81% (89%)	19%
Ég hef góðan aðgang að kennara áfangans í vinnustofum	74% (76%)	26%

Hér að neðan má sjá niðurstöður við spurningum um viðhorf nemenda til fjölda úttekta, valúttekta og fleira en sjálfsmatsnefnd ákvað að skoða þá þætti til að endurmeta kennsluhætti. Þetta er annað árið sem við metum þetta og eru niðurstöður mjög svipaðar á milli ára.

Haustönn 2024

Spurningar um námsfyrirkomulag	Fá /lítil	Hæfilegt	Margar/mikil	Veit ekki/á ekki við
Skylduúttektir í áfanganum eru	15%	72%	8%	5%
Valúttektir í áfanganum eru	24%	50%	2%	25%
Vinna í þessum áfanga er	2%	73%	14%	11%

Vorönn 2025

Spurningar um námsfyrirkomulag	Fá /lítil	Hæfilegt	Margar/mikil	Á ekki við/veit ekki
Skylduúttektir í áfanganum eru	16%	75%	4%	6%
Valúttektir í áfanganum eru	24%	53%	0%	23%
Vinna í þessum áfanga er	2%	83%	7%	9%

Í framhaldi af því að spyrja um fjölda valúttekta var líka spurt hvort nemendur væru að nýta sér þær og eruð niðurstöður þeirra eftirfarandi:

- 41% nýta þær alltaf eða oftast á haustönn en 50% á vorönn
- 25% nýta þær stundum eða sjaldan á haustönn en 17% á vorönn
- 5% nýta þær aldrei á haustönn en 7% á vorönn
- Í 5% tilfella á fullyrðingin ekki við á haustönn en 25% á vorönn

Heildarniðurstöður áfangakannana eru lakari en árið áður en hafa ber í huga að nú eru allir áfangar undir þar sem áður voru einungis hluti þeirra. Til að átta okkur betur á stöðunni þurfum við að keyra áfangakönnun í gegn um Innu oftár til að sjá hreyfinguna betur. Einnig er spurning um að fara dýpra í niðurstöður og taka út þá þætti sem koma verst út eða hafa dalað mest og vinna með þá þætti í framhaldinu innan kennarahópsins. *Spurningar til nemenda eru í viðauka 2.*

Vinnustofukönnun


Í fyrravetur var lögð fyrir nemendur í fyrsta skiptið sér vinnustofukönnun til að fá til að fá betri yfirsýn yfir upplifun nemenda af vinnustofukerfinu þar sem engin stundatafla er við lýði heldur hafa nemendur sitt eigið vinnuborð í vinnustofum til náms. Hún var aftur lögð fyrir í lok október sl. og var markmið hennar að fá skýrari upplýsingar um viðhorf nemenda til ákveðinna þátta í vinnustofum. Spurt var um ýmsa þætti sem viðkoma vinnustofunum; vinnufriði, aðstoð við nám, aðstoð frá öðrum en fagkennurum, hvort kennarar fylgist með nemendum, hvort nemendum líði vel með að biðja um

aðstoð og hvort nemendur séu ánægðir með sína vinnustofu. Könnunin var send á alla nemendur og var svarhlutfallið 57 nemendur af 79 nemendum sem eru í fullu námi í dagskóla eða 72% sem er minni þátttaka en síðasta vetur þar sem svarhlutfallið var 94%.

Spurningar til nemenda er að finna í viðauka 3

Niðurstöður vinnustofukönnunar:

Vinnustofurnar í Framhaldsskólanum á Laugum eru sjö: Valgerðarstofa, Salur, Miðstofa, Bláa deild, Dagstofa og Sigurðarstofa. Athugið að rýmin eru misstór með mismarga nemendur.




Mynd 1 - Heildarfjöldi svarenda skipt upp eftir vinnustofum.

Niðurstöður úr þeim hluta könnunar sem snúa að vinnufriði, aðstoð og ánægju í vinnustofum sýnir að tvær spurningar af sex ná jákvæðum matsviðmiðum skólans. Sjálfsmatsnefnd hefur sett viðmið um að allir þættir nái yfir 85% séu jákvæð viðmið að frádregnum þeim sem ekki taka afstöðu. Í töflunni hér að neðan má sá hvernig hlutfallið er á milli jákvæðra og neikvæðra þátta. Til viðmiðunar í sviga fyrir aftan eru tölur frá því í fyrravetur. Unnið hefur verið með hljóðvist í rýmum skólans síðan þá en þeirri vinnu var ekki lokið þegar ný könnun var lögð fyrir og mikilvægt að taka tillit til þess. Eins og áður kemur fram er mikill munur á milli vinnurýma. Hugmyndin er að leggja fram niðurstöður úr hverju rými og ræða þær innan starfsmannahópsins og þær úrbætur og breytingar sem þarf að ná fram til að ná jákvæðum viðmiðum. Þær niðurstöður verða ekki birtar í þessari skýrslu þar sem í sumum vinnustofum er of fáir nemendur til að hægt sé að uppfylla skilyrði persónuverndar.

Spurningar	Jákvæð viðmið	Neikvæð viðmið
<i>Spurningar sem náðu lágmarksviðmiðum >85%</i>		

Ég fæ góða aðstoð við námið í vinnustofunni	90% (94%)	10% (6%)
Þegar horft er til allra þátta þá er ég mjög ánægð/ánægður með mína vinnustofu	95% (79%)	5% (21%)
Vinnustofufyrirkomulagið hentar mér vel	93%	7%
<i>Spurningar sem ekki náðu lágmarksviðmiðum <85%</i>		
Vinnufriður í minni vinnustofu er almennt góður	77 % (76%)	23%(24%)
Kennarar fylgjast vel með hvort ég þurfi aðstoð í vinnustofum	81% (80%)	19% (20%)
Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð í vinnustofum	80%	20%
Ég fæ hjálp frá fleiri kennurum en fagkennurum	82% (90%)	18% (10%)

Það er ánægjulegt að sjá að 93% þeirra nemenda sem tóku afstöðu telja að vinnustofufyrirkomulagið henti sér vel. Það eru merki um að við séum á réttri leið og þurfum að halda áfram að þróa og betrubæta umhverfið og vinna í þeim þáttum sem koma verr út. Þær tölur sem er rauðar merkja lækkun frá síðustu könnun á meðan grænu tölurnar tákna hækkun. Þær spurningar sem sýna lækkun á milli ára snúa báðar að aðstoð í vinnustofum. Í vinnustofukönnun þessa árs var einnig spurt um hvort nemendur færu úr sinni vinnustofu til að vinna annarsstaðar í skólanum, hvort þau væru að taka sér pásur og þá hvað þau væri helst að gera. Einnig var spurt um hvort það væru nægilega mörg svæði í skólanum þar sem hægt væri að vinna í næði. Við erum yfir mörkum um almenna aðstoð við námið í vinnustofum en höfum lækkað mikið á milli ára í þættinum er snýr að hjálp frá fleiri kennurum en fagkennurum. Mikilvægt er að skoða alla þessa þætti og setja þá í samhengi, bæði við svörun og þá staðreynd að rúmlega helmingur nemenda (sjá mynd 2) velja oft eða stundum að vinna í öðrum rýmum en á vinnuborði sínu.




Mynd 2 - Vinnustofukönnun 2024

Á myndinni hérna að ofan má sjá að rúmlega helmingur þeirra nemenda sem svöruðu fara oft eða stundum úr vinnustofu sinni til að vinna annars staðar í skólanum. Spurningin er hvort þau séu að leita eftir betra næði til náms en um 79% svarenda eru mjög sammála eða sammála því að það séu nægilega mörg svæði í skólanum til að vinna í næði.

Það var líka spurt um pásur og hvíldir í vinnustofum. Þar var hægt að haka í nokkra mismunandi þætti um hvað þau myndu helst kjósa að gera í þeim pásum. Það kemur kannski ekki mikið á óvart að síminn og afþreying í tölvunni eru stærstu þættirnir eins og sjá má á mynd 3 hérna fyrir neðan.

11. Ef ég væri í pásu frá verkefni núna þá myndi ég vilja:



Mynd 3 - Hvað gerir þú í pásam

Kennarakönnun

Í lok desember 2023 lagði sjálfsmatsnefnd fyrir könnun um upplifun kennara af vinnustofum, Teams og úttektarfyrikomulaginu. Í ár breyttum við aðeins þessari könnun og spurðum um vinnufrið eftir vinnustofum og við bættust fullyrðingar um hvernig kennarar upplifa tíma sinn og nemenda í vinnustofum. Einnig var spurt um notkun fjölbreyttra kennsluaðferða í þessari könnun en það er einn þáttur sem var settur í úrbótaráætlun fyrir þetta skólaár. Könnunin var lögð fyrir í nóvember 2024 og send á alla kennara og fengust svör frá 11 einstaklingum af 14. Með þessu fáum við niðurstöður frá kennurum um viðhorf þeirra til ákveðinna þátta er varðar vinnustofur og kennsluaðferðir, óháð því hvernig kerfið virkar fyrir einstök fög eða faggreinar.

Spurningar í kennarakönnun eru í viðauka 4

Niðurstöður kennarakönnunar

Í fyrsta hluta könnunarinnar var spurt um vinnustofur nemenda og hvernig kennarar meta vinnufrið í þeim. Hér fyrir neðan má sjá töflu sem sýnir þessar niðurstöður

	Mjög sammála	Sammála	Ósammála	Á ekki við
Sigurðarstofa		27,3%	9,1%	63.6%
Valgerðarstofa	30%	50%	10%	10%
Bláa deild	30%	50%	10%	10%
Miðdeild	10%	60%	20%	10%
Salur	20%	50%	20%	10%

Breytingar hafa orðið til batnaðar og má telja að bætt hljóðvist í þeim rýmum sem komu verst úr er þessir þættir voru skoðaðir við árslok 2023 hafi haft mikið að segja. Tölur fyrir Sigurðarstofu er í raun ekki marktækar þar sem fáir kennarar eru þar og ætti í raun að spyrja einungis þá kennara sem þar eru um vinnufrið til að fá marktækri niðurstöður þar.


Í öðrum hluta könnunarinnar var spurt hvernig nemendur og kennarar nýttu tíma sinn í vinnustofum. Í töflunni hér að neðan má sjá hvaða fullyrðingar náður jákvæðum viðmiðum (>85%) og ekki (<85%). Grænar tölur þýða hækkun frá síðasta ári en rauðar lækkun. Tölur frá síðasta ári eru í sviga fyrir aftan.

Spurningar	Jákvæð viðmið	Neikvæð viðmið
<i>Spurningar sem náðu lágmarksviðmiðum >85%</i>		
Mér finnst minn tími nýtast vel í vinnustofum	90,9% (88%)	9,1%
<i>Spurningar sem ekki náðu lágmarksviðmiðum <85%</i>		

Mér finnst nemendur nýta tíma sinn vel í vinnustofum	45.5% (33%)	54,5%%
Mér finnst ég hafa góða yfirsýn yfir hvað nemendur eru að gera í vinnustofum	72,7% (50%)	27,3%
Nemendur leita eftir aðstoð minni í vinnustofum	81,8% (88%)	18,2%
Skráning á mætingu eru áreiðanlegar í því kerfi sem nú er	82% (78%)	18%

Jákvætt er að sjá að allir þættir hækka á milli ára en þó er bara ein spurning sem nær settum viðmiðum. Greinilegt er að kennarar telja nemendur ekki nýta tíma sinn vel í vinnustofum og í fyrra rímaði það við að nemendur töldu vinnufrið ekki nægan í kennslustofum. Nú hefur hljóðvist verið bætt til muna en samt telja um 23% nemenda vinnufrið ekki nægan. Þetta er þáttur sem þarf alltaf að vera að vinna með og alltaf hægt að gera betur. Yfirsýn kennara yfir það hvað nemendur eru að gera hefur hækkað mikið á milli ára þó að það nái ekki settum viðmiðum eða úr 50% upp í tæplega 73%.


Í seinni hlutanum voru settar fram fullyrðingar um námsmats- og kennsluaðferðir og kennarar beðnir um að merkja við það sem þeir studdust við í kennslu. Yfirlitsmyndir yfir þær niðurstöður má sjá hérna að neðan.




Mynd 1- Kennsluaðferðir

Undir annað má nefna:

- Maður á mann á almennu brautinni
- Fæ gestafyrirlesara og verkefni unnin út frá því. Horfum saman á efni og umræður út frá því
- Verklegar æfingar
- Samræður, upplestur
- Stöðutímar þar sem tekin er staðan á verkefnum og aðstoð boðin



Mynd 2 - Úttektir



Mynd 3 - Námsmatsaðferðir

Til viðbótar þessum lista kom fram skil á rafrænum plakötum, unnið með hugtök í gegnum ljósmyndir, viðtalsverkefni, sjónrænar tímalínur og verkefnaskil í gegnum samfélagsmiðla. Þannig að heilt yfir lítur út fyrir að námssmat skólans sé fjölbreytt.

Einhverjir kennarar hafa verið að vinna með að skila nemendum verkefnum aftur eftir endurgjöf og gefa þeim færi á að bæta verkefnið og þá um leið einkunn fyrir það. Þeir kennarar sem hafa gert þetta voru beðnir um að segja sína skoðun á því hvernig það gekk. Hér að neðan má sjá svör þeirra:

- Flest allir skiluðu betrubættu verkefni en sumir völdu að laga ekki neitt
- Bara vel
- Það skilar sér oftast
- Skilaði ekki eins miklu og ég vænti
- Það hefur yfirleitt gengið mjög vel, þau hafa tekið leiðbeiningum og bætt úr
- Yfirleitt nýta þau það til góðs
- Mér fannst það koma vel út. Finnst þægilegt að nota Teams og nota return for revision mikið. Býð nemendum upp á að skila snemma og fá yfirlstur og endurgjöf (ekki margir sem nýta sér það reyndar).
- Vel
- Mjög vel, lang flestir nemendur sem nýta svoleiðis tækifæri og læra af þeim

Í viðauka 5 má sjá hugmyndir kennara um þá hluti varðandi námssmat sem þeir væru til í að læra meira um eða tileinka sér betur.

Viðhorfskannanir

Skólapúlsinn

Könnunin hófst 23. apríl og lauk 5. maí 2025. Fjöldi þátttakenda í könnunni var 82 og svöruðu 59 einstaklingar eða 72%. Ákveðið var að á þessu skólaári væri horft til líðan og virkni nemenda í skóla ásamt því að skoða viðhorf til skólans í nemendahópnum.

Líðan


Það er ánægjulegt að sjá að skólinn er að hækka sig í mörgum þáttum er varðar líðan nemenda. Hér að neðan má sjá yfirlitstöflur yfir þær niðurstöður. Enn er nokkrir þættir sem eru undir viðmiðum á landsvísu en það eru margir jákvæðir punktar. Kvíði hefur minnkað og hamingja aukist á meðal nemenda okkar. Við erum þó enn langt undir landsmeðaltali er varðar hamingju. Áreiti og ofbeldi er enn undir viðmiðum en hefur samt sem áður lækkað mikið á milli ára. Því miður eru vísbendingar um að einelti sé meira en áður og er mikilvægt að skoða þessa þætti vel og vinna með nemendum að bæta líðan þeirra. Í fyrra voru niðurstöður jákvæðar varðandi svefnvenjur en hafa dalað á milli ára. Mikilvægt er að skoða þann þátt betur. Unnið hefur verið markvisst í málum er varðar nemendur síðustu vetur og virðist það vera skila sér að einhverju leyti. Aftur á móti er þetta vinna sem heldur áfram og það er mikilvægt að vera alltaf á tánum og viðhalda því nána samfélagi sem við höfum hérna á Laugum og þannig vinna með nemendum að bættri líðan og hamingju.

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmið	N	Mismunur
3.1. Velliðan	3,7	58	0,1	4,5	1.902	-0,8*
3.2. Hamingja	62,1%	36/58	4,7%	73,0%	1407/1901	-10,9%*
3.3. Sjálfsálit	4,1	56	0,6	4,5	1.863	-0,4*
3.4. Stjórn á eigin lífi	3,6	53	0,4	3,9	1.789	-0,3
3.5. Þunglyndi	11,8%	6/51	-0,7%	12,9%	218/1709	-1,1%
3.6. Kvíði	21,2%	11/52	-9,0%	27,4%	448/1705	-6,2%
3.7. Svefnleysi	30,8%	16/52	4,4%	33,1%	527/1731	-2,3%
3.8. Ástæður svefnleysis	-	49	-	-	-	-
3.9. Einnelti	23,5%	12/51	4,6%	16,4%	281/1703	7,1%
3.10. Áreitni og ofbeldi	29,4%	15/51	-15,0%	26,3%	470/1696	3,1%

Mynd 1- yfirlitsmynd yfir líðan nemenda

Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum


Það er afar ánægjulegt að sjá að viðhorf og hollusta nemenda til skólans er yfir meðaltali eins og sjá má á myndinni hér að neðan. Til að meta þennan þátt skólapúlsins eru nemendur spurðir um fjórar staðhæfingar varðandi líðan í skólanum, hvort þeir séu ánægðir með skólann, hvort þeir mæli með honum og hvort þeir séu stoltir af skólanum.



Mynd 2 - Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum

Þegar við skoðum þróun í þessum þætti síðustu ára má sjá að eftir að hafa verið á niðurleið síðustu ár, þá tekur skólinn stökk upp á við nú í ár. Bæði í vetur og fyrravetur var unnið með líðan nemenda sem hafði mælst undir meðaltali miðað við aðra skóla. Það virðist vera að skila sér, þar sem líðan hefur batnað mikið á milli ára eins og kom fram hérna að framan. Fyrir skólasamfélagið er afar mikilvægt að nemendur séu stoltir af skólanum sínum og er mikilvægt að halda áfram þessu góða


starfi með nemendum. Hér má sjá mynd þar sem áðurnefndir matsþættir eru bornir saman á milli ára. Í viðauka 6 má sjá spurningar sem voru lagðar fyrir varðandi þennan matsþátt.




Mynd 3 - Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum- ársmeðaltöl

Stuðningur kennara við nemendur

Sjálfsmatsnefnd hefur ekki rýnt í þennan þátt áður en taldi mikilvægt að skoða hann nánar. Í Skólapúlsinum er FL rétt neðan við viðmið en það er áhugavert að skoða þetta betur þar sem kerfið okkar byggir á vinnustofum en ekki kennslustundum. Það eitt hefur líklega einhver áhrif á niðurstöður þar sem spurningarnar sem lagðar eru fyrir eru tengdar kennslustundum. Á þessari mynd má sjá röðun skólans miðað við aðra.



Mynd 4- upphaflegur mælikvarði er úr PISA rannsókn OECD frá árinu 2000 sem var lögð fyrir 15 ára grunnskólanema og inniheldur fimm spurningar. Þær hafa nú verðið aðlagðar framhaldsskólum. Þessari mælingu er ætlað að meta hve vel nemendum finnst þeir studdir af kennurum. Mælikvarðinn er normaldreifður og tekur gildi frá 1-9, með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Til viðmiðunar er munur upp á 0,5 ekki mikill en 1 telst töluverður munur og 1.5 mikill munur.



Mynd 5 - Stuðningur kennara við nemendur- ársmeðaltöl


Hér má sjá að stuðningur við nemendur hefur samkvæmt þessu farið niður á við. Það samræmist ekki endilega því sem kemur úr öðrum könnunum eins og t.d. foreldrakönnun þar sem kemur skýrt fram ánægja með hversu vel kennarar mæta þörfum nemenda. Einnig styðja vinnustofukannanir að einhverju leyti þá niðurstöðu. Hugsanleg skýring eins og áður kom fram er að hérna er spurt um aðstoð í kennslustundum sem er hugtak sem við notum ekki í skólanum og svarmöguleikar eru í öllum tímum, í flestum tímum, í sumum tímum, sjaldan eða aldrei. Þar sem vinnustofukerfið byggir á vinnu við vinnuborð og úttektum þá má velta því fyrir sér hvort þessar niðurstöður séu marktækar í okkar skóla. Hugsanlega væri hægt að gera könnun á meðal okkar nemenda sem er unnin upp úr þessum spurningum en aðlagðar að okkar kerfi og bera þær svo saman.

Í viðauka 7 má sjá niðurstöður þeirra spurninga sem voru í þessum þætti

Námsáhugi

Eitt af því sem fór í úrbótaráætlun síðasta árs var að áhugi nemenda á námi aukist á milli ára. Þessi þáttur er mældur í Skólapulsinum og í fyrravetur vorum við töluvert undir viðmiðum. Við erum enn undir viðmiðum en erum að færast ofar eins og sjá má á mynd 6. Það er afar mikilvægt að viðhalda áhuga nemenda á náminu og því ánægjulegt að sjá að þessi þáttur hækkar töluvert á milli ára hjá okkur eftir að hafa dalað jafnt og þétt árin áður.

2.1. Námsáhugi – Ársmeðaltöl



Mynd 6- Námsáhugi

Til að meta þennan þátt voru nemendur voru beðnir að hugsa um námið og svara hversu sammála þau væri eftirfarandi staðhæfingum:

- Ég hef gaman af því sem ég læri í skólanum
- Ég hlakka til kennslutíma í skólanum
- Ég sinni náminu vegna þess að mér finnst gaman í þeim fögum sem ég er í
- Ég hef áhuga á því sem ég læri í skólanum

Niðurstöður úr þessum spurningum má sjá í viðauka 8.


Stofnun ársins

Við mat á stjórnun skólans nýtum við niðurstöður úr könnuninni “Stofnun ársins”. Könnunin var gerð í október til desember 2025 og var svarhlutfall í heildina um 54%.

Í könnunni frá 2024 var almennt hækkun í flestum þáttum utan vinnuskilyrða og jafnréttis. Þá hafði stjórnun, starfsandi og ímynd stofnunar hækkað töluvert enda hafði verið farið í markvissa vinnu í að laga samskipti sem unnið var mikið með. Í ár er áframhaldandi hækkun í öllum þáttum nema þætti er snýr að launakjörum. Hafa ber í huga að þegar þessi könnun var gerð þá var KÍ í kjarabaráttu við ríkið sem mjög líklega hefur áhrif á niðurstöður varðandi launakjör.


Á mynd 1 má sjá hækkun á milli allra þátta nema launakjara og á mynd 2 má sjá FL í samanburði við aðra skóla og stofnanir. Þar er FL hærri í öllum þáttum nema launakjörum sem verður að teljast mjög góður árangur.

Framhaldsskólinn á Laugum




Mynd 1 – Helstu þættir- grænar tölur þýða hækkun á milli ára og rauðar lækkun

Helstu niðurstöður - Samanburður stofnunar við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki



Mynd 1- Yfirlitsmynd úr stofnun ársins- samanburður

Mat á stjórnun heldur áfram að hækka á milli ára hjá FL eins og sjá má á mynd 3. Hækkunin frá því í fyrra er 0.37 stig á en árið áður hafði hún hækkað um 0.22 stig. Sú vinna sem farið var í hvað varðar starfsfólk og samskipti hefur eins og áður komið fram líklega haft áhrif. Líkleg áhrif eru líka breytingar í stjórnunarteymi en með nýju fólki verða oft breytingar og aðrar áherslur sem hafa áhrif á viðhorf starfsfólks.




Mynd 3- Þróun á mat á stjórnun



Mynd 4 - starfsandi

Ánægjulegt er að sjá að starfsandi í stofnunni heldur áfram að hækka í mælingum og hækkun er í öllum þáttum er mynda niðurstöður fyrir starfsanda. Spurningarnar má sjá vinstra megin á mynd en þróun síðustu ára hægra megin. Hér að neðan má sjá á mynd 5 að ímynd stofnunnar hefur líka hækkað síðustu tvö ár eftir smá niðursveiflu. Þar er líka hækkun í öllum þáttum er varðar matsþátt og er afar mikilvægt að starfsmenn upplifi svona jákvætt viðhorf til skólans. Ánægðir starfsmenn eru afar mikilvægir og hafa jákvæð áhrif út á við í skólastarfi sem skilar betri árangri.

Framhaldsskólinn á Laugum




Mynd 5 - Ímynd stofnunar

Starfsmannaviðtöl


Í ár fóru ekki fram formleg starfsmannaviðtöl. Skólameistari átti þó óformleg viðtöl við stafs menn.

Greining á tölulegum gögnum (endurskoðun þessara markmiða)

Eins og sjá má þá hefur meðaleinkunn haldist nokkuð svipuð síðustu ár en þó er vorönn 2025 undantekning þar sem mikil lækkun verður. Viðmið skólans er 7 en á vorönn 2025 fer hún niður í 6.8. Það skýrist að hluta til vegna veikinda starfsmanns og því að hans verkefnum var ekki komið á annan strax, á því tímabili sögðu nemendur sig úr áföngum sem ekki voru fjarlægðir úr kerfinu og fengu því 0 fyrir að skila ekki verkefnum, þetta skekkir heildartöluna og þarf að hafa í huga í næstu skýrslu.



Á haustönn 2025 er raunmæting í skólanum sú hæsta sem við höfum séð síðustu 10 ár eða 89.5% og er það mjög ánægjulegt. Aftur móti hrinur hún niður í 83% eftir áramót sem er undir viðmiðunarmörkum. Eins og með meðaleinkunn þá er hluti skýringanna að finna í skráningum úr áföngum þar sem nemendur voru ekki fjarlægðir úr kerfinu og veldur það ákveðinni lækkun. Með vinnustofukerfinu hefur náðst að skapast ákveðin menning fyrir því að mæting í skólann sé sjálfsagður þáttur. Það hefur jákvæð félagsleg áhrif að nemendur mæta allir á sinn stað í byrjun dags, skipuleggja sig og finna sér svo stað til að læra með vinum sínum. Þetta ýtir undir að kennarar nái sambandi við alla nemendur daglega og geta þannig aðstoðað betur og leiðbeint þeim. Þannig virkar þetta góða samspil milli mætingar og einkunna í skólanum.



Foreldrakönnun

Hin árlega foreldrakönnun var lögð fyrir í febrúar 2025. Í ár sendum við könnunina út í gegn um Innu. Könnunin var send á alla foreldra barna yngri en 18 ára og bárust 27 svör sem er mun minni þátttaka en áður. Matsviðmiðið sem skólinn setur sér er að 85% svarenda séu að svara með einkunnina 1 eða 2 í könnuninni. Spurningar í könnunni má sjá í viðauka 9 hérna aftast í skýrslunni.

Könnunin kemur mjög vel út eins og hún hefur gert undanfarin ár og eru einungis tveir þættir undir viðmiðum. Annar er varðandi þjónustu þvottahúss og hinn varðar félagsskap nemenda í skólanum. Það er ánægjulegt að sjá hversu ánægðir foreldrar/forráðamenn eru með skólann og eru þessar niðurstöður hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Spurningar	Jákvæð viðmið	Neikvæð viðmið
<i>Spurningar sem náðu lágmarksviðmiðum >85%</i>	100%	0%
Ég er ánægð/ur með kennslufyrirkomulagið í skólanum.	100%	0%
Ég er ánægð/ur með vinnuaðstöðu barnsins míns í skólanum.	100%	0%
Barninu mínu líður vel á skólatíma	100%	0%
Ég er ánægð/ur með samskipti starfsfólks við barnið mitt.	96% (100%)	4%
Ég er ánægð/ur með samskipti nemenda við barnið mitt.	88% (100%)	12%
Barninu mínu líður vel utan skólatíma (t.d. á heimavist)	85%	15%
Ég er ánægð/ur með þjónustu í mötuneyti skólans.	89% (88%)	11%

Ég er ánægð/ur með þjónustu í íþróttahúsi skólans.	96% (100%)	4%
Ég er ánægð/ur með þjónustu varðandi heimavist skólans.	100% (98%)	2%
Mér finnst reglur skólans vera sanngjarnar.	100% (93%)	0%
Spurningar sem ekki náðu lágmarksviðmiðum <85%		
Ég er ánægð/ur með þjónustu í þvotthúsi skólans.	80% (97%)	20%
Barnið mitt hefur félagsskap í skólanum	81%	19%

Spurningar varðandi Innu eru eins og áður kom fram nýjar og komu mjög vel út. Ánægjulegt er að sjá að 96% svarenda segjast fylgjast með mætingu og ástundun sinna barna í Innu. Eins og kom fram hér að ofan að nú er símat aðgengilegt í Innu sem hingað til hefur bara verið aðgengilegt á Teams og þá bara fyrir nemendur. Með því að færa það líka inn í Innu fá foreldrar meiri möguleika á að fylgast með einkunnum fyrir próf og verkefni barna sinna. Um 93% svarenda eru að nýta sér þennan möguleika en 4% þeirra sögðust ekki vita til þess að það væri hægt.


Í hverjum skóla gilda skólareglur sem eru mikilvægar skólastarfinu og því um leið mikilvægt að foreldrar kynni sér skólareglur sem gilda í skóla barna sinna. Allir foreldrar sem svöruðu könnunni hafa kynnt sér skólareglurnar og ánægjulegt er að sjá að þau eru öll sammála/mjög sammála um að þær séu sanngjarnar.

Hér að neðan má sjá mynd sem sýnir niðurstöður foreldra varðandi samfélagsmiðla skólans og ætti að gefa okkur vísbendingar um hvernig við vinnum með þá í framhaldinu.

Ég fylgist með:

1. Heimasíðu skólans 34% (21/62)
2. Facebook síðu skólans 31% (19/62)
3. Instagram skólans 19% (12/62)
4. Tik tok skólans 16% (10/62)

Hægt er að sjá opin svör foreldra í viðauka 10



Úrbætur

Útbótaáætlun úr skýrslu síðasta árs:

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð	Staðan í maí 2025
Áhugi nemenda á námi aukist á milli ára.	Að niðurstöður verði sambærilegar öðrum skólum	Skólapúlsinn	Vinna í námskrá skólans	Skólastjórnendur og verkefnastjórn	Hefur aukist á milli ára erum þó rétt undir viðmiðunarmörkuðum annarra skóla.
Líðan nemenda	Haldi áfram að batna	Skólapúlsinn	Samskiptasáttmáli	Sjálfsmatsnefnd	Niðurstöður eru heilt yfir betri
Vinnufriður í vinnustofum	Vinnufriður náí jákvæðum viðmiðum	Vinnustofukönnun	Bætt hljóðvist, samstillt verklag kennara í vinnustofum,	Sjálfsmatsnefnd	Vinnustofukönnun sýnir hækkun úr því að 76% svaraenda voru sammála/mjög sammála að það væri vinnufriður upp í 77%
Að vinnutími nemenda í vinnustofum nýtist betur	Hækkun frá því sem var á fyrra ári	Kennarakönnun um vinnustofur	Samþætting á verklagi í vinnustofum	Kennarar	Fór upp í rúm 44% úr 33% sem bendir til þess að við séum á réttri leið. Þurfum að setja okkur raunhæf markmið fyrir næsta vetur og halda áfram að bæta
Auka fjölbreytileika í kennslu-aðferðum	Hækkun frá fyrra ári	Áfangamat	Þróun í teams og samtal á milli kennara.	Verkefnastjórn	Verkefnastjórn fór af stað en þetta dagaði upp og skoða þarf hvor við vinnum áfram með þetta
Ofbeldi og áreitni	Draga úr upplifun nemenda á ofbeldi og áreitni	Skólapúlsinn	Samskiptasáttmáli og fræðsla. Skoða spurningar á bak við niðurstöður úr þessum þætti.	Námsráðgjafi og skólastjórnendur	Mjög jákvæð þróun í rétta áttfórum ekki í vinnu varðandi samskiptasáttmál
Íþróttahús/vistarkeppnir	Reyna að ná meiri notkun og þátttöku í viðburðum sem eru í húsinu.	Heimavistarönnun	Breytt skipulag á íþróttakeppnum frá því sem hefur verið.	Nemendafélag og félagsmálafulltrúi.	Þessu var breytt og reyndist mun betur en fyrra fyrirkomulag.

Úrbótaáætlun fyrir 2024 – 2025

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð	Staða maí 2025
Áhugi nemenda á náminu		Skólapúlsinn	Skoða fjölbreytni og vinna í þeim með kennurum	Sjálfsmatsnefnd	
Líðan nemenda	Hækkun í heildarþáttum á Skólapúlsinum	Skólapúlsinn	Vinna að samskiptasáttmál a með nemendum- vinna með geðrækt í Heilsuefandi- hugsanlega áfangi 1-2 einingar	Stjórnendur- kennari sem tekur verkefnið að sér- Heilsuefandi teymi-	
Stuðningur kennara við nemendur	Hækkun í þeim þætti á milli ára	Skólapúlsinn og gera könnun meðal nemenda- breytt orðalag-	Nánari skoðun á meðal kennara og hugmyndir að aðgerðum til að ná þessum þætti upp	Sjálfsmatsnefnd og stjórnendur	
Vinnustofur- vinnufriður		Könnun meðal nemenda og kennara	Kynning um niðurstöður vinnustofukönnu n bæði nemenda og kennara- umræður um aðgerðir í framhaldi af því	Sjálfsmatsnefnd og stjórnendur	
Starfmannaviðtöl	Fari fram á skólaárinu			Stjórnendur	

Lokaorð

Sjálfsmatnefnd hefur þá lokið vinnu sinni þetta skólaár. Nokkuð vel gekk að framkvæma þær kannanir sem voru á dagskrá en þó var ekki farið í heimavistarkönnun eins og til stóð. Niðurstöður voru að mestu leyti jákvæðar en þó ekki í áfangakönnunum sem tóku miklum breytingum og voru í fyrsta skipti lagðar fyrir á Innu og í öllum áföngum í stað einungis átta eins og áður var gert. Eins og áður hefur komið fram kemur foreldrakönnun einstaklega vel út. Ánægjulegt er að sjá að skólinn hækkar í Stofnun ársins. Þar kemur fram aukning í ánægju starfsmanna er varðar starfsanda og ímynd skólans svo eitthvað sé nefnt. Hamingja nemenda fer líka hækkandi á milli ára og það ásamt ánægju foreldra skólans er gott veganesti í næsta skólaár.

